

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Rauðasandshrepps«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 7. júlí 1919. **143**

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Rauðasandshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Ekkna- og munaðarleysingjasjóður Rauðasandshrepps.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Pjetri skipstjóra Björnssyni, »Hvítabandsdeildinni« á Bíldudal og samskotum einstakra manna árið 1897 með 808,00 krónum, þá ætluðum til styrktar ekkjum og börnum druknaðra manna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Síðan hefur sjóðnum verið skift milli hreppanna, og hlaut Rauðasandshreppur í sinn hluta 652,28 kr. og við árslok 1918 var sjóðurinn orðinn 891,29 kr., sem stendur í tveim skuldabréfum, að upphæð samtals 303,00 kr., í Sparisjóði Rauðasandshrepps 554,54 kr. og í sjóði hjá gjaldkera 33,75 kr.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, kosnir til þriggja ára í senn, úr flokki styrktarmanna sjóðsins, skulu þeir kosnir á aðalfundi. Stjórnin skiftir sjálf störfum með sjer þannig, að einn er formaður, annar ritari, þriðji gjaldkeri. Fyrstu tvö árin gengur einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti. Stjórnin sjer um að ávaxta eignir sjóðsins á sem arðvænlegastan og tryggastan hátt. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal saminn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og afhentur endurskoðendum, er skulu hafa endurskoðað og afhent stjórn sjóðsins hann fyrir 15. febrúar næstan á eftir, með athugasemdum sínum. Reikningurinn skal síðan lagður fyrir aðalfund með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar. Aðalfundur úrskurðar reikninginn.

5. gr.

Aðalfund skal halda síðari hluta febrúarmánaðar ár hvert og skal boða til haus með nægum fyrirvara. Atkvæðisrjett á fundinum hafa þeir einir af styrktarmönnum, sem skuldlausir eru við sjóðinn, nema veðskuld sje.

6. gr.

Styrktarmenn sjóðsins eru þeir einir, sem greiða til hans minst 25,00 krónur í eitt skifti fyrir öll eða minst 1,00 kr. árlega. Gjaldtagi árstíllaga er fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Listi yfir nöfn styrktarmanna skulu fylgja hverjum ársreikningi.

143

7. gr.

7. júlí

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, sömuleiðis árstíllög og gjafir. Vóxtum skal varið

Þannig:

1. Af þeim skal greiddur kostnaður, er leiðir af stjórn sjóðsins.
2. Því sem eftir er skal úthluta ef þörf gjörlist.

8. gr.

Styrkurinn skal veittur aðallega fátækum ekkjum, munaðarlausum börnum og farlana mönnum og konum (sem stjórnin í hvert skifti áltur styrks þurfa). Við úthlutun styrksins skal þess gætt, að ekkjur og börn styrktarmanna gangi fyrir og taka nákvæmlega tillit til ástæða og efnahags styrkþiggjenda.

9. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Stjórnin ákveður hve mikið og hverjum skal úthluta styrk. Heimilt er stjórninni að úthluta styrk, þó henni hafi ekki borist neinar umsóknir. Umsóknir og ákvarðanir sínar um styrkúthlutun leggur stjórnin fyrir næsta aðalfund, með ársreikningnum.

10. gr.

Fækki styrktarmönnum sjóðsins svo þeir verði ekki fleiri en fimm, tekur hreppsnefnd Rauðasandshrepps að sjer umsjón sjóðsins að öllu leyti, og störf þau, er á aðalfundi hvíla.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyr en höfuðstóllinn er orðinn 5000,00 — fimm þúsund krónur, og þá eftir samkomulagi aðalfundar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps.

12. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi sjóðsins 14. febrúar 1919 í Tungu í Örlygshöfn.

Guðmundur Sigurðsson
formaður.

Guðm. B. Olafsson
ritari.

Jón Guðjónsson.
fjehirðir.